

Nd.

402. Nefndarálit

[206. mál]

um frv. til 1. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörupskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum það þjóðarnauðsyn, að togaraflotinn komist á veiðar. Virðist óhjákvæmilegt, að löggjafarvaldið taki í taumana og leysi þennan vanda, sem allt of lengi hefur bakað þjóðinni geysilegt tjón.

Þegar ríkisvaldið hefur áður leyst kjaradeilur með löggjöf, hefur annaðhvort verið farin sú leið að lögfesta miðlunartillögu frá sáttasemjara eða fela gerðardómi að úrskurða. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er farið inn á aðra leið og lagt til að lögfesta tilboð frá öðrum deiluaðila. Við getum ekki fallizt á þessa aðferð. Þar sem engin miðlunartillaga liggur fyrir frá sáttanefnd, teljum við rétt, að þessi deila verði leyst með gerðardómi. Við flytjum því við frv. svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. orðist svo:

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra, er 1. gr. tekur til.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz 1973. Skulu kjaraákvæði hans gilda frá gildistökudegi þessara laga til 31. desember 1973.

Kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 21. marz 1973.

Gunnar Thoroddsen,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.